

REIKNINGUR

Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019.

Rekstrarreikningur árið 2019

| Tekjur | Þús. kr. |
|--|-----------------------|
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | 536.000 |
| Húsaleiga | <u>0</u> |
| Tekjur alls | <u>536.000</u> |
| Framlög | |
| Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga | <u>326.186</u> |
| Rekstrarkostnaður | |
| Annar rekstrarkostnaður | <u>4.114</u> |
| Rekstrarkostnaður samtals | <u>4.114</u> |
| Framlög og gjöld alls | <u>330.300</u> |
| Rekstrarhagnaður | 205.700 |
| Hreinar fjármunatekjur | <u>155.587</u> |
| Tekjuafgangur ársins | <u><u>361.287</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | |
|--|-------------------------|
| Eignir | |
| <i>Fasta fjármunir:</i> | |
| Skuldabréf | <u>2.010.793</u> |
| Fasta fjármunir samtals | <u>2.010.793</u> |
| <i>Veltu fjármunir:</i> | |
| Áfallnar vaxtatekjur | 9.919 |
| Aðrar skammtímakröfur | 194 |
| Næsta árs afborganir skuldabréfa | 117.450 |
| Bankareikningar | <u>2.681.699</u> |
| Skammtímakröfur samtals | <u>2.809.262</u> |
| Eignir alls | <u><u>4.820.055</u></u> |
| Skuldir og eigið fé | |
| Eigið fé: | |
| Höfuðstóll | <u>4.784.403</u> |
| Skammtímaskuldir: | |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 2.171 |
| Aðrar skammtímaskuldir | <u>33.480</u> |
| Skammtímaskuldir samtals | <u>35.652</u> |
| Skuldir samtals | <u>35.652</u> |
| Skuldir og eigið fé alls | <u><u>4.820.055</u></u> |

Sjóðstreymi árið 2019

Rekstrarhreyfingar

Veltufé frá rekstri:

| | |
|--|-----------------|
| Tekjuafgangur/halli samkvæmt rekstrarreikningi | 361.287 |
| Verðbætur skuldabréfa | <u>(30.254)</u> |
| Veltufé frá rekstri | <u>331.033</u> |

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

| | |
|---|---------------|
| Skammtímakröfur (hækkun), lækkun | 54.425 |
| Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun | <u>33.042</u> |
| | <u>87.467</u> |

Handbært fé frá rekstri 418.500

Fjárfestingahreyfingar

| | |
|------------------------|----------------|
| Afborganir | <u>117.450</u> |
| Fjárfestingahreyfingar | <u>117.450</u> |

Hækkun (lækkun) á handbæru fé 535.950

Handbært fé í ársbyrjun 2.145.749

Handbært fé í árslok 2.681.700

Staðfesting stjórnenda

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga 1. janúar 2011 var stofnaður sérstakur fasteignasjóður, Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem annast fasteignir sem nýttar eru í þjónustu við fatlaða.

Á árinu 2019 nam tekjuafgangur sjóðsins 361,3 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 4.820,1 m.kr., skuldir 35,7 m.kr. og eigið fé 4.784,4 m.kr.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra staðfestir ársreikning Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík, 8. desember 2020.

Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Áritun ríkisendurskoðanda

Til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Álit.

Endurskoðun á meðfylgjandi ársreikningi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019 var framkvæmd samkvæmt lögum um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ríkisendurskoðandi staðfestir samkvæmt bestu vitund að í skýrslu stjórnenda eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit ríkisendurskoðanda að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 31. desember 2019, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð ríkisendurskoðanda samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda. Ríkisendurskoðandi er óháður Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hefur unnið í samræmi við lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðanda (INTOSAI). Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit á ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Forstjóri er ábyrgur fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, settar reglur og fyrirmæli. Hann er einnig ábyrgur fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins.

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit á ársreikningnum.

Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samantlagðar.

Framkvæmd endurskoðunar hjá ríkisendurskoðanda er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Þá ber við endurskoðunina að fara eftir ákvæðum laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í þessu felst að ríkisendurskoðanda ber að:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Kanna hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Afla skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

Nr. 1558/2020

- Meta hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Meta í heild sinni, hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, mat framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðandi upplýsir forstjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 10. desember 2020.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2021